Alþýðubankinn

Tíminn

25. tölublað — Miðvikudagur 31. janúar — 57. árgangur.

HOTEL LOFTLEIÐIR



„Hótel Loftleiðir býður gestum sínum að velja á milli 217 herbergja með 434 rúmun — en gestum standa líka íbúðir til boða.
Allur búnaður miðast við strangar kröfur vandlátra.
LOFTLEIÐAGESTUM LIÐUR VEL

# Sænska stjórnin sendir 200 hús

Einkaskeyti frá HHJ Uppsölum Svíþjóð

Sænska ríkisstjórnin hefur ákveðið að senda Íslendingum 200 hús að verðmæti 200 milljónir ísl. króna. Sendinefnd frá Svíþjóð fer til Íslands í vikulokin til þess að ræða við íslenzk stjórnvöld um afhendingu þessarar stórhöfðinglegu gjafar.

Ennfremur hefur Borlånge í Dölunum vinabær Vestmannaeyja ákveðið að gefa Vestmannaeyingum tvær milljónir ísl. króna.



Gullfoss hefur lónað utan við Eyjar að undanförnu og hér er skipið í námunda við eldstöðvarnar í gærdag. Helgafell er yzt til hægri, en Kirkjufell ber í Helgafell. (Tímamynd Þ.Ó.)

# Þrír krossar upp úr gjallinu í kirkjugarðinum

ÞÓ-Vestmannaeyjum

**Eldgosið í Vestmannaeyjum var með líku móti í gær og undanfarna daga, en í fyrrinótt var þó mikið gjallregn yfir bæinn í suðaustan átt, sem stóð í nokkra tíma. Þrátt fyrir það, að menn ættu erfitt með að athafna sig utan dyra, létu menn ekki bugast og héldu áfram við að pakka niður búslóð eða þá að ryðja vikri af húsþökum.**

Þó að menn væru iðnir við að ryðja af húsþökum var langt frá því að þeir hefðu undan og í gærdag voru fjölmennir flokkar manna við að ryðja af þökum húsa. Mjög er áberandi hvað hús, sem byggð eru með risþaki standa sig betur, og er það að vonum, þar sem vikurinn rennur af þökunum svo lengi sem hann nær ekki upp í þak.

Í gær var hér norðanátt og frekar bjart og núna undir kvöldið var gosið mjög stórfengilegt frá bænum að sjá.

Laust eftir hádegið í gær komu hingað nokkrir nefndarmenn úr sjö manna nefnd alþingis, sem koma skal fram með tillögur um lagafrumvarp vegna náttúruhamfaranna í Eyjum.

Þeir nefndarmanna, sem hingað komu, voru Eysteinn Jónsson, forseti sameinaðs þings, Lúðvík Jósefsson sjávarútvegsráðherra, Jóhann Hafstein alþingismaður og að auki Sverrir Hermannsson alþingismaður. Fóru þeir um eyjuna, og kynntust aðstæðum, auk þess sem þeir ræddu við forráðamenn bæjarins.

### Tekið á móti loðnu

Stjórnendur Fiskimjölsverksmiðjunnar h.f. í Vestmannaeyjum ákváðu í gærmorgun, að bjóða náttúruöflunum birginn og reyna að hefja undirbúning að móttöku á loðnu. Strax í gær var hafizt handa við að hreinsa verksmiðjuna og fyrsta verkið var að ryðja vikri af þaki hennar, og það mun þó ekki taka langan tíma. Getur verksmiðjan sennilega fljótlega orðið tilbúin. Ef fiskimjölsverksmiðjan getur tekið á móti loðnu, án þess að verða fyrir skakkaföllum af völdum gossins, og þá má segja að atvinnurekstur sé aftur hafinn í Eyjum og munu þá margir taka gleði sína á ný, en margir hafa spáð því að enginn atvinnurekstur geti farið fram í Eyjum í vetur, og sumir hafa sagt að enginn atvinnurekstur geti farið fram í Eyjum næstu árin.

Þess má geta, að fiskimjölsverksmiðjan getur brætt um þúsund tonn á sólarhring og mjölmagnið

Framhald á 3. síðu

# Nýr þáttur: „Bein lína til Tímans"

Í dag hefst í Tímanum nýr þáttur, sem hlotið hefur heitið „Bein lína til Tímans." Lesendur blaðsins, sem þess óska, geta borið fram spurningar um það, sem þeim kann að vera hugleikið, í síma 18300 á milli klukkan 5 og 7 síðdegis.

Sólveig Jónsdóttir blaðamaður mun sjá um þennan þátt og leitast við að afla svara við spurningunum hjá þeim aðilum, sem líklegast er, að hafi góð og gild svör á takteinum. Að sjálfsögðu verða spyrjendur að láta uppi nafn sitt og heimilisfang, er verður birt með spurningunum í blaðinu.

Hinn nýi þáttur er á annarri síðu í blaðinu.

# Jeppinn horfinn að morgni

## — en bílhræ úti í túnfætinum

**Bóndanum á Gemlufalli í Dýrafirði brá talsvert í brún, þegar hann kom á fætur á laugardagsmorguninn, því að óboðnir gestir höfðu komið um nóttina og haft við hann bílaskipti á meðan hann svaf. Jeppi hans var horfinn af bæjarhlaðinu, en í túnjaðrinum var annar jeppi, heldur illa til reika, enda hafði honum verið ekið út af.**

Hér voru að verki tveir piltar, sem lagt höfðu af stað drukknir frá Ísafirði á laugardagsnóttina á jeppa, sem annar þeirra átti, og haldið suður Breiðadalsheiði og allt til Dýrafjarðar. Þegar þeir höfðu velt farartæki við vallargarð á Gemlufalli, gripu þeir til þess óheillaráðs að stela jeppa bónda, og á honum hugðust þeir halda áfram ferðinni.

Á Brekkudal norðanvert Hrafns

Frh. á bls. 15

# „Hættið öllum undirbúningi þjóðhátíðar 1974"

## — segja samtök skólastjóra í Reykjavík

**— Við viljum, að þegar sé hætt við allan undirbúning að hinni fyrirhuguðu þjóðhátíð og gerðum um það einróma samþykkt um síðustu helgi, sagði Björn Jónsson skólastjóri, formaður samtaka barna- og gagnfræðaskólakennara í Reykjavík, er hann ræddi við Tímann í gær. Við viljum, að landnámsins verði minnzt á látlausan hátt með þakkarguðsþjónustum í kirkjum landsins og sögulegu yfirliti í fjölmiðlum, en fjármunir þeir, sem við þetta sparast, verði varið til þess að bæta eitthvað af tjóni því sem orðið hefur í Vestmannaeyjum.**

Við rökstyðjum þessa samþykkt okkar á þann veg, sagði Björn enn fremur, að næsta fátt af því, sem ráðgert hefur verið til hátíðabrigða, snerti þjóðina verulegu máli eða treysti tengsl hennar við fyrri tíð. Við berum kvíðboga fyrir því, að stórkostleg Þingvallahátíð verði þjóðinni hvorki til þess sóma né þeirrar ánægju, sem þjóðhátíðarnefnd virðist gera sér vonir um, og þar að auki myndi fylgja henni meiri áníðsla en þingstaðnum fornhelga er hollur og gífurlegur kostnaður, sem við höfum ekki ráð á, eins og nú er komið högum okkar.

Vil dyljumst þess ekki, að okkur hefur mörgum fundizt tómahljóð í þeim ráðagerðum, sem hafðar hafa verið uppi, og sumar þeirra borið keim af sýndarmennsku og auglýsingaskrumi, sem sízt á við.

Það er þó þetta síðasta stóráfall, eldgosið í Vestmannaeyjum sem varð til þess, að við tókum nú af skarið um vilja okkar og viðhorf.

Samt sem áður mætti hugsa sér, að nokkrum hinna smærri og kostnaðarminni þátta landnámshátíðarinnar yrði ekki vikið til hliðar — þeim, sem tildurslausir eru og líklegir til hollra áhrifa.

# Átta bátar eru enn í Slippnum í Eyjum

## Nemendur frá Hvanneyri og Menntaskólanum við Hamrahlíð sendir til að koma á flot bátum að verðmæti 150-200 millj króna

KJ—Reykjavík.

Átta bátar standa enn uppi í dráttarbrautinni í Vestmannaeyjum, og í nótt átti að fara til Eyja 35 manna hópur skipaður skólapiltum úr Menntaskólanum við Hamrahlíð og Bændaskólanum á Hvanneyri, til þess að aðstoða við að koma bátunum á flot. Auk þess fara 4 menn úr Slippnum í Reykjavík.

Fyrstu dagana eftir gosið var nokkrum bátum komið úr dráttarbrautinni í Eyjum, en síðan hefur ekkert verið unnið við að koma á flot þeim átta bátum, sem eftir eru.

Er það einkum vegna þess að vagn í dráttarbrautinni fór út af sporinu, þegar setja átti vélbátinn Metu niður Lokar Meta hina bátana inni, og þarf því fyrst að koma vagninum á sporið aftur. Eins og annarsstaðar við höfnina í Vestmannaeyjum, er þykkt öskulag nú þar í slippnum, og verður því ærið verk að moka öskunni af teinunum og sátrunum áður en hægt verður að setja bátana niður.

Það er Útvegsbændafélagið í Vestmennaeyjum, Bátaábyrgðarfélagið þar og Samábyrgð ísl. fiskiskipa, sem standa fyrir því að koma bátunum úr slippnum, en þarna munu vera verðmæti að upphæð 150-200 milljónir króna.

Flestir þeirra, sem fara til að setja bátana á flot, eru sjálfboðaliðar. Eru þar í hópnum 20-25 nemendur frá Bændaskólanum á Hvanneyri, 11 nemendur úr Menntaskólanum við Hamrahlíð auk fjögurra brautarmanna frá Slippfélaginu í Reykjavík.

Áætlað var að hópurinn færi með báti frá Þorlákshöfn klukkan eitt s.l. nótt, en mikilvægt var talið að þeir væru komnir til Eyja í býtið á morgun til að nota fjöruna.

## Féll niður þar sem netið vantaði

**Klp—Reykjavík.**

**Vinnuslys varð á Reykjalundi í Mosfellssveit í gærdag. Þar féll maður úr Hafnarfirði niður á milli sperra í skemmu, sem verið var að einangra, og kom niður á steypt gólf. Er talið, að fallið hafi verið á milli 6 og 8 metrar.**

Skemma þessi er rétt við endann á plastverksmiðjunni að Reykjalundi og var maðurinn í vinnuflokki, sem var að einangra hana. Net hafði verið strengt í loftið að innanverðu til að koma í veg fyrir að menn féllu niður á gólf, ef þeim yrði fótaskortur. Netið náði ekki alla leið, vantaði rétt einn metra á aðra hliðina en það var einmitt þar, sem maðurinn féll niður.

Hann var þegar fluttur á slysavarðstofuna, og var ekki búið að kanna meiðsli hans til fulls, þegar við höfðum samband þangað í kvöld.

## Aðalfundur FUF í Glæsibæ í kvöld

Aðalfundur FUF í Reykjavík verður haldinn í kvöld, miðvikudagskvöld, í Glæsibæ og hefst fundurinn klukkan 20.30. Prentvillupúkinn breytti nafni Glæsibæjar í Glaumbæ í auglýsingu frá fundinum fyrr í vikunni, en það leiðréttist hér með.

Á aðalfundi FUF í kvöld í Glæsibæ verða venjuleg aðalfundarstörf.

## Fundur í Orator

Orator, félag laganema við Háskóla Íslands, gengst fyrir almennum fundi um lögfræðileg atriði, er snerta afskipti Alþjóðadómstólsins í Haag af útfærslu landhelginnar.

Frummælendur á fundinum verða:

Dr. Gunnar Thoroddsen, prófessor, og Sigurður Gizurarson, lögfræðingur. Fundurinn verður haldinn í Átthagasal Hótel Sögu miðvikudaginn 31. janúar og hefst kl. 20.30.

Fundurinn er opinn öllum almenningi.

# Bretar hafa ekki borið fram viðhlítandi tillögur

## — til lausnar landhelgisdeilunni

Vegna ummæla, sem höfð eru eftir Sir Alec Douglas-Home í Morgunblaðinu, vill Einar Ágústsson, utanríkisráðherra, taka fram eftirfarandi:

„Á ráðherrafundinum í Reykjavík 27. og 28 nóvember 1972 lögðu Bretar til, að veiðar brezkra togara á Íslandsmiðum yrðu takmarkaðar við ákveðna tölu úthaldsdaga, þannig að um 10% fækkun á úthaldsdögum væri að ræða. Töldu Bretar, að þessi aðferð mundi gefa af sér 25% minna aflamagn en þeir fengu árið 1971, sem var óvenjugott aflaár. Þetta tilboð var tekið til athugunar af Íslands hálfu. Lauk Reykjavíkurfundinum þannig.

Þegar ég hitti Sir Alec Douglas-Home í Bruxelles í desember sagði ég honum, að þessi tillaga væri ekki aðgengileg fyrir okkur, m.a. vegna þess, að erfitt væri að hafa eftirlit með framkvæmd slíkra aðgerða. Væri því nauðsynlegt að fleira kæmi til, og þá helzt að athuga sameiningu á tveimur aðferðum, þ.e. takmörkun úthaldsdaga og svæðafyrirkomulagi. Ég sagði að nauðsynlegt væri að vita hversu langt Bretar vildu ganga til samkomulags áður en afstaða væri tekin til þess, hvort formlegar viðræður gætu orðið að gagni. Sir Alec kvaðst geta fallizt á, að fleiri en einni aðferð væri beitt til að ná sama marki, ef heildarniðurstaðan breyttist ekki mikið, þ.e. ef mismunandi aðferðum væri ekki bætt hverri ofan á aðra. Á þessum grundvelli afhenti Sir Alec tillögu um, að auk tilboðsins frá nóvemberfundinum yrði einu svæði af sex umhverfis landið lokað til skiptis í 2 mánuði í senn. Að athuguðu máli var talið að þetta tilboð væri ekki aðgengilegt, og skýrði ég frá því í orðsendingu minni til Sir Alec hinn 19. janúar s.l. Lagði ég jafnframt áherzlu á, að ríkisstjórn Íslands væri reiðubúin til frekari viðræðna ef hagstæðari tillögur kæmu frá brezku ríkisstjórninni. Ella væri bilið milli sjónarmiða ríkisstjórna Íslands og Bretlands enn of breitt til að nýr fundur gæti komið að gagni."

## Upplýsingamiðstöð

Almannavarnaráð hefur í samráði við Utanríkisráðuneytið ákveðið, að fyrirgreiðsla um miðlun upplýsinga til fréttamanna í sambandi við starfsemi Almannavarna verði í höndum Helga Ágústssonar, fulltrúa í upplýsingadeild Utanríkisráðuneytisins.

Sími: 25000 (á skrifstofutíma) og 26647.

Af hálfu Almannavarnaráðs mun Ólafur Walter Stefánsson, skrifstofustjóri hafa milligöngu þessa.

## Þrír krossar

Framhald af bls. 1.

úr þessum þúsund tonnum eru 180 tonn.

Rúmlega eitt hundrað hús voru komin undir vikur og gjall í gær, og auk þess voru önnur hundrað hús komin að því að hverfa undir öskulagið. Öll þessi hús eru austast í bænum og er það grátlegt að sjá ný og falleg hús fara svona. Þá eru svo til allrar girðingar í bænum komnar á kaf undir gjall, og aðeins þrír krossar standa nú upp úr öskulaginu í kirkjugarðinum. Eru það einu merkin um að í Vestmannaeyjum hafi verið kirkjugarður um hundruð ára.

### Varnargarðar gerðir

Rétt vestan við rústir Kirkjubæjarrústanna og yfir nýju einbýlishúsunum, sem nú eru á kafi í vikri, voru tvær þrjátíu tonna jarðýtur að verki í gær, við að búa til varnargarða. Þótti það verk sækjast sæmilega vel, þrátt fyrir að vikurinn væri mjög laus í sér, og fyki í allar áttir. Vonazt er til, að þessir varnargarðar geti komið að góðum notum ef hraunið tæki skyndilega að renna til vesturs.

Færð um gjallgötur Vestmannaeyja var allsæmilega í gær, en menn eru farnir að kvarta yfir því að farartækin eru farin að gefa sig. Drif og legur í bílum bíla, og kenna menn vikrinum um, en hann vill alls staðar sleppa inn á milli.

Mikið var flutt af búslóð frá Vestmannaeyjum í gær, og sömuleiðis veiðarfærum. Hekla, Esja og Herjólfur voru í ferðum og auk þess nokkrir Eyjabátar. Gámar voru notaðir eins og frekast var unnt, en samt hefur ekki tekizt að fá nægilega marga gáma til Eyja.

Eftir þeim upplýsingum, sem við fengum hjá Páli Zóphóníassyni bæjartæknifræðingi í gær, var búið að bjarga búslóð úr 70% allra húsa á Heimaey í gær.

Fragtflug h.f. hefur haldið uppi stanzlausu flugi hingað í gær. Kom DC 6 B flugvél Fragtflugs margar ferðir hingað í gær. Til Eyja kom hún með ál og þakplötur, sem jafnóðum voru negldar fyrir glugga, sem snúa á móti eldgígnum. Til baka tok flugvélin búslóð og fór hún jafnan fullhlaðin til lands.

Gullfoss, sem verið hefur hér fyrir utan í nokkra daga, hefur enn ekki verið notaður til að hvíla í og virðast menn hvílast ágætlega í landi, þótt sumir hverjir séu þreytulegir á svipinn.

Hin nýja eldkeila Vestmannaeyja, sem menn hafa nefnt Kirkjufell, hækkar dag frá degi. Í gærkvöldi var talið að fjallið væri 197 metrar á hæð, en Helgafell er 227 metrar. Nýja hraunið nær nú 1.2 km frá norðri til suðurs og 0.8 km í austur. Flatarmálið er orðið um einn ferkílómetri.

Það ætlaði ekki að ganga skammlaust fyrir fréttamann Tímans að komast til Vestmannaeyja í gærmorgun, og endaði með því að hann varð að greiða kr. 3.500 fyrir farið frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Þessi ferð var farin með vélbátnum Sturlaugi frá Þorlákshöfn, en með honum fóru 40 erlendir blaðamenn, sem fengu að hafa klukkutíma viðdvöl í Vestmannaeyjum. Útlendingarnir þurftu að greiða 7.500 krónur fyrir farið fram og til baka, og virðist sem útgerðin hafi gott út úr þessari ferð, og virðist sem sumir ætli að fara að græða á eldgosinu í Eyjum. Ekki voru allir ánægðir en hvað áttu menn að gera, þegar þetta var eina ferðin frá Þorlákshöfn til Eyja í gær. Benda má á, að ferð með Herjólfi milli Reykjavíkur og Eyja kostar um sex hundruð krónur.

Ekki hefur orðið mikið um óhöpp í Vestmannaeyjum hingað til, en þó er vitað um eitt óhapp, þegar ungur maður tognaði um ökla, og slitnaði hásin. Var hann fluttur með flugvél til Reykjavíkur í gær.

# Í Árneshreppi eru ónotuð íbúðarhús og hafnaraðstaða

KJ-Reykjavík

— Frá mínum bæjardyrum séð, væri vel hugsanlegt fyrir nokkra Vestmannaeyinga, að koma hingað norður í Árneshrepp og dvelja hér um hríð, því að hér eru bæði hús og hafnaraðstaða fyrir nokkra báta, og góð rækjumið í Reykjarfirði, sagði Guðmundur Valgeirsson bóndi á Bæ í Árneshreppi á Ströndum, er hann ræddi við Tímann í gær.

— Ég vil t.d. nefna, að á Eyri við Ingólfsfjörð eru þrjú íbúðarhús, sem standa ónotuð, og þar er hafskipabryggja. Rækjuverksmiðja er þar einnig, og rækjumiðin á næstu grösum. Þarna væri aðstaða fyrir bát og fólk, en þess ber auðvitað að geta að þetta er allt í einstaklingseigu, en ég vil aðeins benda á þennan möguleika, sagði Guðmundur.

— Það sama er að segja um Djúpuvík, sagði Guðmundur ennfremur, að þar er húsnæði en aðstöðu vantar til rækjuvinnslu í landi.

Þessum ábendingum Guðmundar er hér með komið á framfæri, og hver veit nema einhverjir Vestmannaeyingar vilji reyna að freista gæfunnar þarna norður á Ströndum.

## Á VÍÐA VANGI

### Gífurlegt tjón

**Er forsætisráðherra, Ólafur Jóhannesson, mælti fyrir þingsályktun sinni um neyðarráðstafanir vegna jarðeldanna í Vestmannaeyjum í fyrradag, sem samþykkt var einum rómi sem ályktun Alþingis sama dag, dró hann upp mynd af ástandinu í fáum dráttum. Ólafur sagði m.a.**

**„Jafnvel þótt gosið gengi niður er við því að búast, að ekki verði um rekstur fiskvinnslufyrirtækja að ræða í Vestmannaeyjum á vetrarvertíðinni og því miður varla á þessu ári. Þannig hlýtur að verða verulegt útflutningstap á árinu 1973, þótt fiskifloti Vestmannaeyja sæki frá öðrum verstöðvum. Á þessu ári gæti þetta útflutningstekjutap lauslega áætlað orðið a. m.k. um 1000 millj. kr.**

**Sjávarútvegurinn er að sjálfsögðu undirstaða tekjumyndunar í Vestmannaeyjum. Ætla má, að heildartekjur Vestm.eyinga hefðu orðið um 1700 millj. kr á árinu 1973 eða tæplega 3% af þjóðartekjunum. Ósköpin, sem yfir Vestmannaeyjar dundu, hljóta að valda verulegri skerðingu þessara tekna, jafnvel þótt flestu því fólki, sem svo giftusamlega tókst að bjarga í land, megi fljótlega finna atvinnu við hæfi. Á því leikur enginn vafi, að þjóðfélaginu ber að leitast við að bæta Vestmanneyingum tekjumissi þeirra, sem á þessu ári gæti numið a.m.k. helmingi eðlilegrar tekjumyndunar í Vestmannaeyjum. Jarðeldurinn í Heimaey stofnar í stórhættu öllum mannvirkjum í Vestmannaeyjum. Þess er enginn kostur að meta nú af nákvæmni, hvert sé heildarverðmæti þeirra eigna, sem í Eyjum eru bundnar, né heldur hvernig meta eigi líkurnar á því, hvort eða að hve miklu leyti þær fari forgörðum vegna eldgossins. Hér eru óvissuatriðin afarmörg. Lauslegar áætlanir benda til þess, að endurnýjunarverð þeirra eigna, sem óflytjanlegar mega teljast, séu í námunda við 10 milljarða kr. Við þær aðstæður, sem nú blasa við, sýnist óvarlegt að ætla til þess lægri fjárhæð en 1000 millj. kr. þegar á þessu ári til þess að mæta kostnaði við vernd og endurreisn byggðar Vestmanneyinga og til þess að bæta eignatjón. Síðar gæti þurft hærri fjárhæðir í þessu skyni auk þess, sem óefað þarf að létta skuldabyrði af Vestmanneyingum vegna eigna, sem nú hafa orðið þeim óarðgæfar í einu vetfangi af völdum blindra náttúruafla. Niðurstaða skyndiskoðunar á umfangi þess tjóns, sem af eldgosinu á Heimaey hlýzt, hefur orðið sú, að þegar á þessu ári gæti þurft að afla a.m. k. 2000 millj. kr. til þess að tryggt sé, að þjóðfélagið geti örugglega rækt skyldur sínar við Vestmanneyinga. Jafnframt er það ljóst, að það áfall, sem þjóðarbúið í heild hefur orðið fyrir, gerir það brýnt, að nokkuð verði dregið úr heildarútgjöldum og innflutningi. Það má öllum vera ljóst, að þegar sá landstólpi, sem Vestmannaeyjar eru, verða fyrir slíku áfalli, þá verður þjóðin sem heild að draga nokkuð úr útgjöldum sínum auk þess, sem tryggja þarf tilfærslu fjármuna til þess að sinna þjóðfélagslegum skyldum við Vestmanneyinga. Til þess að sú aðstoð sé örugglega tryggð, ríður á, að traust jafnvægi sé í þjóðarbúskapnum öllum.**

**Það er auðvitað ekki kostur að gera sér tæmandi grein**

Frh. á bls. 15

# 50 MENN VIÐ AÐ MOKA AF ÞÖKUM

ÞÓ-Vestmannaeyjum

Ágætt skipulag er nú komið á björgunar- og þjónustustarf í Eyjum. Sex deildir starfa undir stjórn bæjarskrifstofunnar og almannavarna. Fyrst má nefna, deild bæjarverkfræðings, sem stjórnar vegaruðningi, viðgerðum, hafnarmálum, og fleiru. Björgunar- og flutningadeild, sem sæer um pökkun, fermingu og veitir upplýsingar. Lögregluna, sem annast löggæzlu björgun, öryggisútbúnað, pökkun ýmsa þjónustuliði og veitir upplýsingar. Þá kemur slökkviliðið, sem annast slökkvistarf eld- og húsvarnir, húsrannsóknir og styrkingu húsa. Þá kemur lækna- og heilbrigðismáladeild, og sambands- og fjarskiptadeild.

Yfirmenn þessara deilda eiga að koma saman einu sinni á dag, og semja skýrslur um ástand og áætlanir.

Árangur þessa samstarfs er m.a. nákvæmasta og ítarlegast skýrsla, sem fjölmiðlar hafa fengið um ástandið hér frá því gosið hófst.

Þeir Páll Zophoníasson bæjartæknifræðingur og Bjarki Elíasson, yfirlögregluþjónn úr Reykjavík, hafa unnið að skýrslunni og fara aðalatriði hennar hér á eftir.

Búizt var við að hægt yrði að tæma barnaskólann í dag, ef flugveður héldist, en þar hefur verið geymt mikið af húsgögnum. Einnig að tækist að flytja húsgögn úr öllum húsum á svæðinu — Hásteinsvegi að norðan, Skólavegi að austan og Kirkjuvegi að sunnan. Næsti áfangi verður neðan Hásteinsvegar, milli Skólavegar og Heiðarvegar að sjó. Síðan verða svæðin tekin fyrir eftir því sem vindátt leyfir hverju sinni. Járn hefur verið sett fyrir glugga á suður- og austurhlutum húsa austan Heiðarvegar og Strembugötu alveg niður að höfn.

Um 60 lestir af járni hafa verið notaðar og þar af eru um 20 lestir til viðbótar til að byrgja glugga á þessu svæði. 70 trésmiðir vinna nú á vöktum og 50 menn vinna nú að því að ryðja gjalli af þökum húsa og eru þau hús látin sitja fyrir, sem eru í mestri hættu.

40 lögregluþjónar, eru hér við störf, og eitt hundrað menn á þeirra vegum hjálpa fólki við að ganga frá húsmunum og búa um husgögn. Lögreglan hefur fengið Hótel HB til umráða, þar sem verður birgðastöð og aðstaða til gistingar og matseldar.

Samvinna hefur verið um viðgerðir á farartækjum milli þeirra aðila, sem vinna að björgunarstörfum.

Slökkviliðið hefur vakt allan sólarhinginn, þar sem íkveikjuhætta er mest.

Eitt hú brann í gær og smáskemmdir urðu á risi annars húss.

Nú vinnur slökkvilið að gerð skýrslu um þau hús, sem brunnið hafa, farið undir vikur að einhverju eða öllu leyti, eða eru fallin. Vonazt er til að þessi skýrzla verði tilbúin í dag.

Búið er að ryðja ösku af hafnarsvæðinu til að greiða fyrir lestun og losun skipa. Unnið er að skipulagningu gistirýmis og matseldar fyrir björgunar- og hjálparsveitir.

# Happdrættisvinningar renni til Eyjabúa

KJ-Reykjavík

Margskonar hugmyndir eru nú á lofti til aðstoðar Vestmannaeyingum. Í dag kom Jóna Þorvarðardóttir þeirri hugmynd á framfæri við Tímanna, að allir vinningar í stóru happdrættunum yrðu gefnir til aðstoðar Vestmanneyingum.

Vinningar þeir, sem á hverjum mánuði eru dregnir út í Háskólahappdrættinu, Happdrætti SIBS og Happdrætti DAS skipta milljónum króna, en þess ber þó að gæta, að Háskólahappdrættið eitt hefur leyfi til að greiða vinningana út í peningum. Þetta yrði að sjálfsögðu ekki gert, nema í samráði við eigendur miðanna sem vinningar féllu á, en e.t.v. mætti beina þeim tilmælum til þeirra, sem hlytu happdrættisvinninga, að þeir gæfu vinningana til aðstoðar Vestmanneyingum.

## Tilkynning

Tryggingastofnun ríkisins vill vekja athygli á nýmæli í 15. gr. laga um almannatryggingar, þar sem tryggingaráði er heimilað að greiða laun, hliðstæð mæðralaununum,

**til einstæðs föður eða einstæðs fósturforeldris**

sem heldur heimili fyrir börn sín, yngri en 16 ára.

Umsóknir skulu sendar til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboðsmanna hennar og mun tryggingaráð síðan taka afstöðu til umsóknanna.

29. janúar 1973.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS.

ALMENNUR FUNDUR UM

**húsnæðismál og félagslega aðstöðu í Breiðholtshverfum**

verður haldinn í hátíðasal Breiðholtsskóla fimmtudaginn 1. febrúar og hefst kl. 8,30.

Á fundinum mun borgarverkfræðingur, Þórður Þorbjarnarson, gera grein fyrir skipulagi og svara fyrirspurnum.

Safnaðarnefnd.

Námsflokkar Reykjavíkur

Ræðumennska og fundarstörf

Myndlistarkynning

Tafl - framhaldsflokkur

Innritun í skrifstofu Námsflokkanna, Tjarnargötu 12, 31. janúar, 1. febrúar og 2. febrúar kl. 2-4.

Rannsóknarstarf

Óskum eftir aðstoðarmanni til ýmissa rannsóknarstarfa.

Laun samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna.
Upplýsingar eru veittar í síma 8-32-00.
Umsóknareyðublöð eru afhent á skrifstofu Rannsóknarstofnana atvinnuveganna, Hátúni 4A og hjá Rannsóknarstofnun Byggingariðnaðarins, Keldnaholti.

Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins

Keldnaholti.

Húsbyggjendur — Verktakar

Kambstál: 8, 10, 12, 16, 20, 22 og 25 m/m.
Klippum og beygjum stál og járn eftir óskum viðskiptavina.

STÁLBORG H.F.
Smiðjuvegi 13, Kópavogi. Sími 42480.

Við veljum runtal
það borgar sig

runtal - OFNAR H/F.
Síðumúla 27 . Reykjavík
Símar 3-55-55 og 3-42-00



Til sölu

Sólaðir NYLON hjólbarðar til sölu.
SUMARDEKK — SNJÓDEKK
Ýmsar stærðir á fólksbíla á mjög hagstæðu verði. Full ábyrgð tekin á sólningunni.
Sendum um allt land gegn póstkröfu.

BARÐINN H.F.
ÁRMÚLA 7 SÍMI 30501 REYKJAVÍK.

Auglýsið í Tímanum

BÍLSTJÓRARNIR AÐSTOÐA
25050
SENDIBÍLASTÖÐIN HF
EINGÖNGU GÓÐIR BÍLAR

„SÓLARKAFFI"
ARNFIRÐINGA

verður að Hótel Borg sunnudaginn 4. febrúar kl. 20,00

Skemmtiatriði.

Sala aðgöngumiða fer fram í anddyri hótelsins frá kl. 16,00 og borð verða tekin frá milli kl. 16,00 og 18,00 sama dag.

Mætum vel og stundvíslega.

NEFNDIN.



# ALÞINGI

Umsjón: Elías Snæland Jónsson

*Fjármálaráðherra á Alþingi í gær:*

# Kostnaður við ráðuneytin skorin niður um 15% í ár

**Öllum ráðuneytunum hefur verið skrifað bréf, þar sem þeim er tilkynnt, að notuð verði heimild í fjárlögum til að skera niður kostnað við ráðuneytin um 15% á þessu ári. Það mun m.a. leiða til þess að kostnaður vegna utanferða mun verða minni en annars hefði orðið á þessu ári, — sagði Halldór E. Sigurðsson, fjármálaráðh. á alþingi í gær.**

Þessar upplýsingar komu fram í svari ráðherrans við fyrirspurn frá Karvel Pálmasyni (SFV) um kostnað vegna utanferða á vegum ríkis og ríkisstofnana í sameinuðu alþingi í gær.

Fjármálaráðherra gaf yfirlit yfir þennan kostnað árið 1971, bæði er varðar ráðuneytin og helztu ríkisstofnanir, eins og fram kemur í yfirliti annars staðar hér á síðunni. Jafnframt kom fram hjá ráðherra, að stefnt er að því að yfirlit um kostnað við utanferðir fylgi endurskoðuðum ríkisreikningi árlega á svipaðan hátt og verið hefur með yfirlit um nefndir á vegum ríkisins undanfarið.

Varðandi ferðakostnað á vegum ráðuneytanna gat fjármálaráðherra þess, að þar væri ekki eingöngu um að ræða kostnað vegna ferða starfsmanna ráðuneytanna, heldur væri almennt um að ræða ferðir, sem ráðuneytin styrktu. Þannig væri t.d. í tölum vegna utanríkisráðuneytisins kostnaður vegna allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

Karvel Pálmason taldi nokkuð skorta á, að upplýsingarnar væru tæmandi — t.d. væri ekkert yfirlit um kostnað vegna utanferða á vegum alþingis, sem þó væri sennilega verulegur.

## Kostnaður við utanferðir 1971

### Ráðherrar og ráðuneyti:

**Samkvæmt yfirliti fjármálaráðherra var kostnaður vegna utanfara á vegum ráðherra og ráðuneyta sem hér segir árið 1971:**

| Ráðuneyti | ráðherra | ráðuneyti | samtals |
|---|---|---|---|
| Forsætisr. | 246.544 | 385.014 | 631.558 |
| Fjárm. ráð. | 133.043 | 429.441 | 562.484 |
| Utanr. ráð. | 658.626 | 5.979.685 | 6.638.311 |
| Sjávarútv. r. | 53.696 | 1.335.406 | 1.389.102 |
| Heilbr. Trygg. r. | 11.172 | 771.435 | 782.607 |
| Dómsm. r. | 49.370 | 211.311 | 260.681 |
| Félagsm. r. | 0 | 58.154 | 58.154 |
| Iðnaðarráðun. | 133.094 | 413.339 | 546.493 |
| Landbún. r. | 109.271 | 125.732 | 235.003 |
| Menntamálar. | 306.020 | 2.706.161 | 3.012.181 |
| Samgöngum. r. | 38.505 | 359.034 | 397.539 |
| Viðskiptaráðun. | 182.754 | 985.871 | 1.168.625 |
| Ríkisendsk. | | | 92.889 |
| Samtals | 1.992.095 | 13.853.532 | 15.775.627 |

### Ríkisstofnanir:

**Ferðakostnaður árið 1971 hjá 10 ríkisstofnunum var sem hér segir:**

| Stofnun | Fjöldi | Dagar | Kostnaður |
|---|---|---|---|
| Fiskifélag | 12 | 157 | 737.129 |
| Fiskmat r. | 3 | 22 | 104.328 |
| Flugmálastjóri | 51 | 379 | 1.574.795 |
| Hafrannsóknarst. | 11 | 139 | 641.164 |
| Landhelgisgæzla | 10 | 291 | 1.160.292 |
| Orkustofnun | 15 | 136 | 665.644 |
| Póstur og sími | 30 | 973 | 1.737.485 |
| Rannsóknarráð | 3 | | 80.639 |
| Ranns. st. Fiskiðn. | 13 | 120 | 701.861 |
| Ríkisútvarp | 50 | 445 | 1.950.682 |
| Siglingastofnun | 9 | 84 | 446.096 |

## Á ÞINGPALLI

### Ný þingmál.

Eftirfarandi ný mál hafa verið lögð fram á Alþingi:

**Þingsályktunartillaga** frá Gylfa Þ. Gíslasyni (A) um, að ríkisstjórnin fullgildi samninginn við Efnahagsbandalag Evrópu.

**Þingsályktunartillaga** frá öllum þingmönnum Alþýðuflokksins um, að ríkisstjórnin láti undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um Lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

**Frumvarp til laga** um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Miklaholtshelli í Hraungerðishreppi. Flutningsmenn eru Ingólfur Jónsson (S) og Ágúst Þorvaldsson (F).

# Nýtt frumvarp um söluskatt er á lokastigi

**Fjármálaráðuneytið hefur undanfarið haft lög um söluskatt til endurskoðunar, og er nú búið að semja nýtt frumvarp að mestu leyti. Þar er m.a. heimild um, að setja megi upp peningakassa í einstakar verzlanir, sem auðvelt er að stimpla í öll söluskattsskyld viðskipti, án þess að um almenna notkun sé að ræða, en ég tel nauðsynlegt, að slíkt verði gert til reynslu, áður en ákvörðun verður tekin um almenna notkun þessara kassa, — sagði Halldór E. Sigurðsson, fjármálaráðherra, á Alþingi í gær.**

Fjármálaráðherra svaraði fyrirspurn frá Geir Gunnarssyni (AB) um framkvæmd á heimild í söluskattslögunum frá 1970 um notkun slíkra peningakassa. Kom fram hjá ráðherra, að slíkir kassar væru ekki taldir einhlítt eftirlitskerfi, og gildi þeirra talið minnka eftir því sem fyrirtækin væru minni. Hugsanlegt væri, að heppilegt yrði að skylda einstakar verzlanir til að nota slíka kassa, en kanna þyrfti vel lagagrundvöll slíkra aðgerða áður en til þeirra yrði gripið.

Geir Gunnarsson benti á þýðingu þess fyrir skattgreiðendur, að söluskattur skilaði sér vel. Sagði hann, að ef t.d. væri reiknað með, að 95% af innheimtum söluskatti skilaði sér, þá væri sú upphæð, sem ekki kæmi til skila á þessu ári, um 287 milljónir króna. Ef skilaprósentan væri hins vegar aðeins 85% þá væru þessi upphæð um 963 milljónir. Vafalaust væru menn ekki á einu máli um, hver skilaprósentan væri, en augljóslega væri um stórar upphæðir að ræða.

*Vistheimilið í Breiðuvík:*

# Verður því breytt í heimarvistarskóla?

**Fjöldi drengja á vistheimilinu í Breiðuvík hefur fækkað mjög síðasta árið vegna þess, að barnaverndaryfirvöld í Reykjavík, hafa ákveðið að senda drengi ekki þangað, heldur koma þeim fyrir annars staðar. Ekki er enn ákveðið, hvort vistheimilið verður lagt niður í núverandi mynd og þar í staðinn komið upp skóla fyrir erfiða unglinga á aldrinum 13-16 ára, eins og sérstök nefnd hefur lagt til.**

Þetta kom fram í svari Magnúsar T. Ólafssonar, menntamálaráðherra, við fyrirspurn frá Ingólfi Jónssyni (S) um vistheimilið.

Kom fram hjá ráðherra, að stjórnarnefnd Upptökuheimilisins í Kópavogi, sem falið var að kanna rekstur vistheimilisins og gera tillögur um framtíð þess, hefur lagt til, að þar verði starfræktur heimavistarskóli á ofangreindum grundvelli og hafi stjórn Upptökuheimilisins stjórn þess skóla með höndum. Ráðherra kvaðst ekki enn hafa tekið afstöðu til tillagnanna.

Það sem orsakar fækkun drengja í vistheimilinu — en þeir eru sem stendur aðeins 3, en voru samtals á síðasta ári 11 (þar af 5 brautskráðir á árinu) — er sú ákvörðun barnaverndaryfirvalda í Reykjavík, að koma erfiðum drengjum fyrir á einkaheimilum eða — ef um alvarleg vandamál er að ræða — á geðdeild barnaspítala Hringsins.

Ingólfur Jónsson taldi, að reynslan af vistheimilinu væri mjög góð, og kvaðst hann vona, að ráðherra myndi ekki samþykkja að leggja það niður sem slíkt.

*Dómsmálastjórn Vestmannaeyinga:*

# Alþingi samþykkti bráðabirgðaskipan

Fundir voru haldnir í báðum deildum alþingis í gær, og þar afgreitt sem lög frá alþingi stjórnarfrumvarpið um bráðabirgðabreytingu á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum og fleira, en þetta frumvarp var birt í heild hér í blaðinu í gær.

# Þingmenn frá Norðurlöndunum senda Alþingi stuðningsskeyti

**Í upphafi fundar í Sameinuðu þingi las Gunnar Thoroddsen, varaforseti, skeyti, sem Alþingi hafði borizt frá þingmönnum hinna Norðurlandanna, þar sem þeir heita fullum stuðningi við Íslendinga vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum. Eysteinn Jónson, forseti sameinaðs alþingis, hefur þakkað þingmönnunum og tjáð þeim, að sá stuðningur, sem í té verði látinn, verði þeginn með þökkum.**

Hér á eftir fer skeyti norrænu þingmannanna og svarskeyti Eysteins Jónssonar.

Forseti Alþingis
hr. Eysteinn Jónsson
Reykjavík

Danskir, finnskir, norskir og sænskir þingmenn, komnir saman í Helsingfors í sambandi við ráðstefnu Alþjóðaþingmannasambandsins um samstarfs- og öryggismál Evrópu, vilja láta í ljós samúð sína með hinum mörgu Íslendingum, sem hafa orðið fyrir þungu áfalli vegna eldgossins í Vestmannaeyjum.

Við vonum af heilum hug, að náttúruhamfarirnar verði ekki víðtækari en orðið er og að afleiðingum þeirra fyrir íbúa Vestmannaeyja og efnahag landsmanna geti þrátt fyrir allt orðið takmörk sett. Við munum reyna að vinna að því hjá ríkisstjórnum landa okkar, að Íslendingum verði veitt sú aðstoð, sem þörf reynist á, til að byggja upp aftur og bæta fjárhagslegt tjón.

Fyrir hönd sendinefndanna
Alsing Andersen (Danmörk)
Johannes Virolainen (Finnland)
Knut Frödenlund (Noregi)
Kaj Björk (Svíþjóð)

**Svarskeyti Eysteins Jónssonar, forseta Sþ.:**

Þakka innilega samúðarskeyti yðar vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og fyrirheit um að vinna að stuðningi við uppbygginguna og lausn efnahagsvandans.

Það er okkur öllum hér ómetanlegur styrkur og uppörvun að vita um útrétta hjálparhendi þingmanna og annarra á Norðurlöndum og mun sá stuðningur með þökkum þeginn, sem í té verður látinn.

Tíminn

Útgefandi: Framsóknarflokkurinn
Framkvæmdastjóri: Kristinn Finnbogason. Ritstjórar: Þórarinn Þórarinsson (ábm.), Jón Helgason, Tómas Karlsson, Andrés Kristjánsson (ritstjóri Sunnudagsblaðs Tímans). Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Ritstjórnarskrifstofur í Edduhúsinu við Lindargötu, símar 18300-18306. Skrifstofur í Bankastræti 7 — afgreiðslusími 12323 — auglýsingasími 19523. Aðrar skrifstofur:sími 18300. Áskriftargjald 225 krónur á mánuði innan lands, í lausasölu 15 krónur eintakið. Blaðaprent h.f.

# Stórfellt verkefni

Að sjálfsögðu vona menn, að lokið sé nú mestu náttúruhamförunum í Vestmannaeyjum, þótt aldrei sé hægt að fullyrða neitt í þessum efnum. En jafnvel þótt þessar vonir rættust er tjónið orðið gífurlegt. Samkvæmt skyndikönnun, sem gerð hefur verið af verkfræðingum, þarf þjóðfélagið að afla á þessu ári um 2000 milljóna króna, ef það á öruggslega að geta rækt skyldur sínar við Vestmannaeyinga. Í ræðu, sem forsætisráðherra flutti á Alþingi í fyrradag, minntist hann á nokkur brýn verkefni í þessu sambandi og nefndi m.a.:

1. Greiða þarf margvíslegan kostnað vegna björgunarstarfs og flutninga, og þeirrar röskunar á högum manna, sem orðið hefur.

2. Veita verður bætur vegna tekjumissis Vestmannaeyinga, sem ekki geta stundað störf sín.

3. Veita verður fjárhagsaðstoð til að leysa margvísleg vandamál. Þar eru húsnæðisvandamálin stærsti liðurinn, en einnig koma til aðrir þættir svo sem skólamálin, umönnun sjúkra o.s.frv.

4. Styrkja verður útgerðarfyrirtæki og jafnvel aðra aðila til að halda áfram rekstri. Vestmannaeyjabátar verða að fá sem bezta aðstöðu, og hugsanlega þarf að greiða kostnað vegna flutnings á fiski svo floti þeirra nýtist sem bezt fyrir þjóðarbúið.

5. Á Vestmannaeyingum hvíla skuldbindingar um greiðslu lána og vaxta af þeim m.a. hjá fjárfestingalánasjóðum og öðrum aðilum. Þar þarf að hlaupa undir bagga, svo að fé lánastofnana dragist ekki saman.

6. Veita verður Vestmannaeyjakaupstað nauðsynlega fjárhagsaðstoð, en tekjustofnar hans eru úr sögunni. Kaupstaðurinn þarf mikið fé í að vernda mannvirki og eignir og halda uppi nauðsynlegri þjónustu. Sama gegnir um marga aðra aðila, svo sem ríkissjóð, Tryggingastofnun og fleiri stofnanir, að um mikil útgjöld vegna þessara atburða er að ræða.

Þá benti forsætisráðherra á, að strax og hamförunum linnti, þyrfti að fara að huga að endurreisn byggðarinnar og veita fé til þess mikla starfs.

Auk þess tjóns, sem Vestmannaeyingar verða fyrir, verður svo þjóðarbúið í heild fyrir miklu áfalli. Áætlað hefur verið, að útflutningstekjurnar minnki um einn milljarð á þessu ári, ef Vestmannaeyjar leggjast niður sem verstöð, enda þótt Vestmannaeyjabátar verði gerðir út frá öðrum höfnum. Þetta mun segja til sín á öllum sviðum þjóðarbúskaparins og krefst sérstakra efnahagsaðgerða.

Alþingi hefur nú að tillögum ríkisstjórnarinnar kosið sjö þingmenn til að fást við það verkefni, hvernig aflað skuli fjár til þessara framkvæmda. Í þeim efnum dugir ekki að treysta of mikið á erlenda aðstoð, þótt hún geti orðið einhver. Þjóðin býr nú við góðæri og getur vel lagt á sig auknar byrðar vegna atburðanna í Vestmannaeyjum. Ef ekki verður tekið myndarlega á þessu verkefni, stafar það ekki af getuleysi heldur viljaleysi og annarlegum ástæðum. En að óreyndu skyldi spara allar hrakspár í þeim efnum.

Þ.Þ.

Fran Vogl, The Times:

# Vinnuafl dregst ört til helztu iðnaðarsvæðanna

## Svæðisbundin mismunun fer vaxandi í Vestur-Evrópu

EIGI Efnahagsbandalag Evrópu nokkurn tíma að verða ein heild er alveg óhjákvæmilegt að má út svæðabundinn og félagslegan mismun. Veruleg hætta er þó á, að þessi mismunur aukist til muna vegna þess, að stjórnmálaleiðtogum aðildarríkja Efnahagsbandalagsins tekst ekki að samræma stefnuna um tilflutning vinnuafls og aðbúnað erlendra verkamanna.

Sennilega eru rúmar sjö milljónir erlendra verkamanna að starfi í Vestur-Evrópu eins og sakir standa. Líklega eykst innflutningur erlendra verkamanna hörðum skrefum í náinni framtíð, þar sem veruleg útþensla virðist í aðsigi á hinum iðnþróuðu svæðum. Hin auknu umsvif í atvinnulífinu valda efalaust aukinni spennu á vinnumarkaðinum á helztu iðnaðarsvæðunum í Frakklandi, Englandi, Vestur-Þýzkalandi, Beneluxlöndunum og Sviss.



Otoli framkvæmdastjóri Efnahagsbandalags Evrópu — eitt vandasamasta verkefni bandalagsins er að auka jafnvægi í byggð þátttökulandanna.

FYRSTI vandinn, sem leysa þarf áður en unnt er að samræma og bæta stefnuna í þeim málum, sem aðflutta verkamenn varðar, er að gera sér rétta grein fyrir fjölda þeirra í heild. Ekki nægir að reyna að reikna fjöldann út eftir útgefnum atvinnuleyfum. Einstaklingur getur hætt starfi í einu aðildarríki Efnahagsbandalagsins og hafið starf í öðru aðildarríki án þess að sérstakt atvinnuleyfi komi til.

Áætlanir einstakra ríkisstjórna og alþjóðlegra stofnana benda til, að erlendir verkamenn, sem dvelja um stundar sakir í Vestur-Þýzkalandi, séu um 2,4 milljónir, rúmlega milljón í Frakklandi, 600 þús. í Sviss, fast að 380 þús. í Beneluxlöndunum, um 205 þús. í Austurríki og næst 220 þús. í Svíþjóð.

Ganga má út frá því sem gefnu, að verulegur fjöldi erlends fólks stundi vinnu í þessum löndum um stundarsakir án þess að opinber skráning komi til. Enn má bæta hér við nokkrum fjölda erlendra verkamanna, sem starfa í öðrum Evrópuríkjum.

MISMUNUR á uppruna hinna erlendu verkamanna í hinum einstöku ríkjum gerir enn erfiðara fyrir um alþjóðlega samræmingu á stefnu í málefnum þeim, sem þá varðar. Um 85 af hundraði hinna erlendu verkamanna í Austurríki eru til dæmis frá Júgóslavíu, rúmur helmingur erlendra manna í Svíþjóð er frá Finnlandi, en í Vestur-Þýzkalandi nemur fjölmennasti þjóðflokkurinn ekki nema rúmum fimmtungi hinna erlendu verkamanna. Tölurnar hér að framan taka ekki til „landamæraverkamannanna", eða þeirra þúsunda manna, sem búa í einu landi en leggja leið sína kvölds og morgna yfir landamæri þess að og frá vinnu í öðru landi.

Erlendir verkamenn færa ýmsar fórnir til þess að öðlast hærri tekjur en þeir eiga kost á í heimalandi sínu. Eigi að síður er oft á þá litið sem annars flokks þegna og samvizkulausir húseigendur og atvinnurekendur féfletta þá oft miskunnarlaust. Venjulega vinna þeir erfiðustu störfin og öðlast ekki nema einstöku sinnum starfskunnáttu, sem þeir geta haft veruleg not af þegar heim kemur.

BROTTFLUTNINGUR verkamanna er mjög vafasöm blessun fyrir heimaland þeirra. Brottflutningurinn dregur að vísu úr atvinnuleysi. Stundum hefir hann í för með sér, að verkamenn koma heim með mikilvæga verkkunnáttu og aukin gjaldeyrisöflun er tryggð. Brottfluttir verkamenn senda fjölskyldum sínum heima venjulega nokkurn hluta tekna sinna. Árið sem leið námu slíkar yfirfærslur í Tyrklandi um 750 milljónum sterlingspunda. Mátti heita að þetta bætti upp hallann á verzlunarviðskiptum ríkisins.

Tíðast leita þó beztu starfskraftarnir á burt og venjulega skila þeir eftir heima vanmáttugt fólk og gamalmenni. Þetta getur haft í för með sér, að þróunin heima verði enn hægari en ella. Ennfremur verður beinlínis skortur á vinnuafli í einstökum ríkjum vegna brottflutnings verkamanna þaðan. Spánverjar, Ítalir og Grikkir eru til dæmis allir að reyna að laða til sín verkafólk frá Norður-Afríku. Atvinnurekendur eru að hugleiða innflutning verkafólks frá Suður-Ameríku til Vestur-Evrópu.

RÍKIN, sem taka við innfluttum verkamönnum, losna við skort á vinnuafli. Útþensla atvinnuveganna getur gengið örar en ella. En fjöldi erlendra verkamanna í Vestur-Evrópu veldur margháttuðum erfiðleikum og auknu álagi á heilsugæzlu, kennslu, húsnæðismálum, samgöngum og löggæzlu. Að lokum er þess að geta, að atvinnurekendur komast oft að raun um, að þjálfun hinna innfluttu verkamanna er mun dýrari en þeir gerðu sér í hugarlund.

Auðvelt er að gera sér í hugarlund erfiðleikana, sem af því hlytust að 300 þús. atvinnulausir menn frá Norður-Englandi færu til Vestur-Þýzkalands til þess að taka við einhverju af þeim 500 þús. störfum, sem þar eru laus. Þjóðverjar yrðu að yfirstíga mikla erfiðleika til þess að veita Englendingunum húsaskjól í viðbót við þær 2,4 milljónir erlendra verkamannanna, er þar eru fyrir. Ennfremur yrðu atvinnurekendur að efna til tungumálanámskeiða í viðbót við annan viðbúnað sinn í því efni vegna aðfluttra Grikkja, Tyrkja, Ítala, Spánverja og Júgóslava.

Brezku verkamennirnir yrðu svo að sætta sig við að búa við lélegri aðbúnað og meira vinnuálag en þeir ættu að venjast. Ennfremur yrðu flestir verkamannanna að skilja fjölskyldur sínar eftir í Englandi. Slík blóðtaka fyrir Norður-England yrði síður en svo til að bæta atvinnuástandið þar, og brezk fyrirtæki yrðu enn tregari en áður til þess að hefja þar starfsemi.

HINIR félagslegu erfiðleikar eru sums staðar orðnir það miklir, að yfirvöld neyðast til þess að takmarka innflutning erlendra verkamanna þrátt fyrir skort á vinnuafli. Strangar reglur hafa þegar verið settar í Sviss um atvinnuleyfi erlendra verkamanna og ríkisstjórnin í Vestur-Þýzkalandi er að semja nýjar reglur. (Sérstakar hömlur eru í gildi í Bretlandi til að takmarka innflutning erlendra verkamanna.) Hinar síauknu hömlur í Vestur-Evrópu gera sennilega að engu ákvæði Efnahagsbandalagsins um frjálsan tilflutning vinnuafls.

Róttækar breytingar eru nauðsynlegar og enda þegar í athugun. Stofnun, sem kannar áhrifin af innflutningi erlendra verkamanna, hefir aðsetur í Róm og gefur út tímaritið Studi Emigrazione. Signor E. Nino Falchi hefir þar gert grein fyrir nýju, allmargbrotnu skipulagi. Þar er meðal annars gert ráð fyrir að koma á þjálfunarkerfi, og samkvæmt því verði ungir verkamenn sendir til annarra landa um skeið til þess að öðlast starfshæfni og aukna almenna menntun, sem geti komið þeim að notum þegar þeir fara aftur til síns heimalands.

SÝNILEGA er til lítils fyrir einstaklinginn að leggja leið sína til iðnþróaðs ríkis ef hann getur ekki notfært sér áunna verkkunnáttu þegar hann kemur heim. Þjóðverjar eru hægt og hægt að koma upp þjálfunarstöðvum í vanþróuðum ríkjum til þess að búa fólk undir brottflutning til starfa. Þetta kemur þó að litlu haldi þegar verkamennirnir koma heim aftur. Aukin samvinna ríkisstjórna og einnig milli ríkisstjórna og atvinnurekenda er alveg nauðsynleg.

Rökréttara og eðlilegra virðist fyrir fyrirtækin að koma upp verksmiðjum þar, sem vinnuafl er nóg, en að halda áfram að flytja mannfólkið eins og hráefni til verksmiðjanna. Aðfluttir verkamenn í Evrópu eru næsta margir og þar er að finna hinar varnræktu milljónir hins vestræna heims.

Umsjón: Alfreð Þorsteinsson

íþróttir



VILBERG SIGTRYGGSSON, leikur hann sig inn í landsliðið í kvöld?

# Hvað gera Ingólfur og Co. gegn landsliðinu í kvöld?

*— pressuleikurinn hefst kl. 20.15 í Laugardalshöllinni.*

Tekst pressuliðinu að vinna landsliðið í kvöld, í Laugardalshöllinni kl. 20.15? Þetta er spurning, sem margir velta fyrir sér. Leikurinn í kvöld verður örugglega mjög tvísýnn og spennandi, eins og svo oft áður, þegar liðin hafa leitt saman hesta sína. Pressuliðið, sem leikur í kvöld er mjög sterkt og ef því tekst upp, þá mega landsliðsmennirnir okkar gæta sín. Gamla kempan, Ingólfur Óskarsson, mun stjórna pressuliðinu á leikvelli, en hann er mjög reyndur fyrirliði, var lengi fyrirliði íslenzka landsliðsins. Í pressuliðinu leika tíu landsliðsmenn og þar eru þrír, sem tóku þátt í lokakeppni Ólympíuleikanna. Pressuliðsmenn hafa örugglega hug á að vinna landsliðið og jafnframt að leika sig inn í það.

Leikkvöldið í kvöld, hefst kl. 19.30, en þá leikur unglingalandslið pilta leik, sem stendur í 2x20 mín. Kl. 20.15 hefst svo pressuleikurinn, en í hálfleik, leika svo íþróttafréttaritarar og dómarar.

Pressuliðið sem leikur í kvöld, skipa eftirtaldir leikmenn: Ólafur Benediktsson, Fram, fyrirliði, Brynjólfur Markússon, ÍR, Jón Karlsson, Val, Sigfús Guðmundsson, Víking, Páll Björgvinsson, Víking, Stefán Gunnarsson, Val, Viðar Símonarson, FH, Ágúst Svavarsson, ÍR, Vilberg Sigtryggsson, Ármanni og Jón Sigurðsson, Víking. Pressuliðið leikur í hvítum búningum.

Lið landsliðsnefndar, er þannig skipað: Hjalti Einarsson, FH, Birgir Finnbogson, FH, Geir Hallsteinsson, FH, Auðunn Óskarsson, FH, Gunnsteinn Skúlason, Val, fyrirliði, Ólafur Jónsson, Val, Ágúst Ögmundsson, Val, Sigurbergur Sigsteinsson, Fram, Björgvin Björgvinsson, Fram, Axel Axelsson, Fram, Einar Magnússon, Víking, og Guðjón Magnússon, Víking. Landsliðið leikur í bláum peysum og hvítum buxum.

Leikinn dæma þeir Björn Kristjánsson og Karl Jóhannsson, en þeir verða einnig í sviðsljósinu, þegar dómarar leika gegn íþróttafréttariturum.

# Leika blaðamenn göngu-handbolta?

## — þegar þeir mæta dómurum í kvöld

Í kvöld fer fram handknattleiksleikur ársins í Laugardalshöllinni. Þá mætast íþróttafréttaritarar og dómarar, en eins og kunnugt er, þá hafa engir meira vit á handknattleik en þeir. Verður gaman að sjá, hvort þeir eru eins klárir handknattleiksmenn á velli og þeir látast vera opinberlega. Þær sögur ganga um bæinn, að dómarar séu mjög hræddir við blaðamenn, því að þeir hafa frétt, að blaðamenn ætli að leika gönguhandknattleik, sem ryður sér nú til rúms hérlendis, en við þessari leikaðferð, hefur ekkert svar fundizt ennþá. Spurningin er, finna dómararnir svarið í kvöld.



KARL JÓHANNSSON, dómari verður hann bókaður í leiknum gegn blaðamönnum?

# Hvorugt liðið átti skilið að vinna

## — þegar Fram og Haukar léku þrautleiðinlegan handknattleik

Fram og Haukar sýndu eitthvern allra lélegasta handknattleik sem hefur sézt í 1. deild í vetur, þegar liðin mættust á mánudagskvöldið. Leikurinn var svo lélegur að hvorugt liðið átti skilið að vinna. Í fyrri hálfleik fengu áhorfendur að sjá, hvernig á að fara af því, að skora ekki mörk. Þegar fyrri hálfleikur var hálfnaður, var staðan 4:1 fyrir Fram — mörkin voru skoruð á 1, 5. 10. og 14. mín. Mark Hauka var skorað á 2. mínútu. Haukar rétta svo úr kútnum og skora annað markið á 17. mín, síðan kemur þriðja markið á 25. mín.og fjórða markið 11 sek fyrir leikhlé, en þá var staðan orðin 8:4 fyrir Fram.

Haukar byrja síðari hálfleikinn af miklum krafti og jafna 8:8 á 6. mínútu. Framarar skora níunda markið á 9. mín. Liðin skiptust svo á um að skora, en þegar staðan er 13:12 fyrir Fram, þá skora Framarar þrjú mörk í röð og staðan varð 16:12. Tvö síðustu mörkin skorar Sigurður Jóakimsson, fyrir Hauka og lokastaðan varð 16:14 fyrir Fram.

Það er ekki hægt að hrósa mörgum leikmönnum fyrir þennan leik. Framliðið lék sinn allra lélegasta leik um árabil — það er ómögulegt að vita, hvernig leikurinn hefði farið, ef Axel Axelsson og Þorsteinn Björnsson sem varði vel í fyrri hálfleik hefðu ekki verið með í leiknum. Haukaliðið lék svipaðan handknattleik og í undanförnum leikjum.

Eftirtaldir leikmenn skoruðu í leiknum.

**FRAM:** Axel 8, Ingólfur 3 (3 víti) Guðmundur Sveinsson 2, Gylfi 2 Sigurbergur eitt.

**HAUKAR:** Ólafur 4 (3 víti), Sigurður 3, Stefán 3, Guðmundur, Þórir, Sturla og Þórður, eitt hver.

# *Valsmenn léku vörn mjög framarlega*

*— stórskyttur Víkings náðu aldrei að sýna leikni sína*

Hinir snjöllu sóknarleikmenn Víkings náðu sér aldrei á strik gegn sterku Valsliði í leiknum á mánudagskvöldið. Valsmenn léku vörn mjög framarlega og helyptu ekki stórskyttum Víkings inn fyrir punktalínu. — Þessi varnarleikur varð til þess, að Víkingarnir fundu aldrei sjálfa sig. Ólafur Jónsson, hinn snjalli leikmaður Vals, var tekinn úr umferð í leiknum og við það losnaði um Berg Guðnason, sem sýndi mjög góðan leik, hann skoraði átta mörk, sum mjög lúmsk — með skoti í gólfið og fram hjá markvörðum Víkings, sem áttu ekki góðan dag. Einar Magnússon, hinn hávaxni Víkingur, náði sér aldrei á strik í leiknum, t.d. lét hann verja frá sér þrjú vítaköst og einnig átti hann mörg misheppnuð skot.

Leikurinn var jafn framan af, þegar staðan var 4:4 gerðu leikmenn Víkings stór mistök, sem kostaði liðið jafnvel stig í leiknum — leikmenn misstu knöttinn tvisvar á stuttum tíma, þegar þeir voru í sókn. — Valsmenn náðu knettinum og brunuðu upp og skoruðu, staðan breyttist í 6:4 fyrir Val í hálfleik.

Víkingsliðinu tókst aldrei að brúa bilið og þegar 8. mín voru til leiksloka voru Valsmenn búnir að ná fimm marka forskoti 18:13 og sigurinn var í höfn. Lokastaðan var 21:17 fyrir Val og fögnuðu Valsmenn góðum sigri. Þeir eru enn með í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn. Manna kátastur varð Tobbi í Val, en hann lék á alls oddi eftir leikinn, og sagði þá: „að leikurinn hefði verið góður hjá Val, þegar miðað er við fólksfjölda.''

Bergur Guðnason, átti sinn bezta leik í vetur, hann fékk oft að sjá sínar uppáhalds glufur í Víkingsvörninni — þá var ekki að sökum að spyrja, knötturinn lá í netinu. Ólafur Benediktsson, lék mjög vel í markinu hjá Val, hann varði þrjú vítaköst frá Einari Magnússyni og einnig góð langskot. Nafni hans Jónsson, lék vel, þó að hann væri tekinn úr umferð. Varnarleikur hans var góður og hirti hann oft langskot frá Einari. Þá átti Gunnsteinn Skúlason góðan leik — sérstaklega er gaman að sjá hann í hraðupphlaupum og gegnumbrotum, sem hann er búinn að sérmennta sig í.

Víkingsliðið náði sér aldrei á strik og var skotnýting leikmanna léleg, sérstaklega Einars Magnússonar, sem átti 14 skot — skoraði fimm mörk. Guðjón Magnússon, átti níu skot og skoraði fjögur mörk. Markvarzlan er höfuðverkur hjá Víking, markverðir liðsins eru mistækir, stundum verja þeir meistaralega, en þess á milli lekur allt inn hjá þeim.

Eftirtaldir leikmenn skoruðu í leiknum:

**VALUR:** Bergur 8 (3 víti), Ólafur 3, Jón K. 3, Gísli 3, Gunnsteinn 3 og Ágúst 1.

**VIKINGUR:** Einar 5 ( 2 víti), Guðjón 4, Ólafur 3 (1 víti), Viggó 2, Jón, Sigfús og Stefán, eitt hver.

Karl Jóhannsson og Jón Friðsteinsson dæmdu leikinn.

-SOS.



BJÖRGVIN BJÖRGVINSSON, hinn snjalli línumaður Fram, lék ekki með liði sínu gegn Haukum. Hann leikur með landsliðinu í kvöld.

# Björgvin og Andrés í Eyjum

## léku ekki með Fram gegn Haukum

Tveir af beztu leikmönnum Fram, þeir Björgvin Björgvinsson og Andrés Bridde, léku ekki með liði sínu gegn Haukum á mánudagskvöldið. Astæðan fyrir því er, að þeir eru í Vestmannaeyjum við björgunarstörf. Fjarvera þeirra veikti mjög lið Íslandsmeistaranna.

Björgvin Björgvinsson, sem er lögreglumaður að atvinnu, var sendur til Eyja um s.l. helgi, þar sem hann gegnir skyldustörfum. Andrés Bridde, fór til Eyja með hjálparsveit skáta og vinnur þar að björgunarstörfum. Björgvin mun leika með landsliðinu í kvöld kl. 20.15 gegn pressuliðinu í Laugardalshöllinni.

# Leeds vann Norwich

Leeds burstaði Norwich, 5:0, í bikarkeppninni á mánudagskvöldið. Liðin höfðu áður gert jafntefli í tveimur leikjum, báðir enduðu 1:1.

Með þessum sigri hefur Leeds tryggt sér rétt til að leika gegn Plymouth á heimavelli í 4 umferð sem verður leikinn á laugardaginn.

West Bromwich Albion tryggði sér einnig rétt til að leika í 4. umf. þegar liðið sigraði Nottm. Forest 3:1. — W.B.A. mætir Swindon á laugardaginn á heimavelli.




# Barnagæzla í safnaðarheimili Neskirkju

Stp-Reykjavík

Hjálparstofnun kirkjunnar hefur í samráði við sóknarprest Vestmannaeyinga og Vestmannaeyjakaupstað ákveðið að efna til barnastarfs í safnaðarheimili Neskirkju fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Karl Sigurbjörnsson cand. theol verður forstöðumaður starfsins, en ásamt honum mun Hrefna Tynes vinna að barnastarfinu ásamt ýmsum sjálfboðaliðum. Auk þess munu þarna vinna starfstúlkur frá barnaheimilinu í Vestmannaeyjum.

Er þetta starf aðeins hugsað til bráðabirgða, meðan línur eru að skýrast með búsetu Vestmannaeyinga, og verður síðar tekið til nánari endurskoðunar. Fyrst um sinn verður starfinu þannig háttað, að tekið verður við 2 til 3 ára börnum til gæzlu milli kl 10 og 12 á morgnana, en 4 til 6 ára börnum eftir hádegi, eða frá kl. 13.00 - 16.00. Það skal tekið fram að þessi tímasetning er aðeins til bráðabirgða. Systkini í sitt hvorum aldurshópnum geta fengið að fylgjast að. Þess má og geta, að aðstaða er í safnaðarheimilinu fyrir mæður, sem óska að dvelja þar einhvern hluta dagsins.

Starfsemin hefst á morgun, 31. janúar klukkan eitt, og verður þá tekið á móti 4-6 ára börnum.

# Gefið ein daglaun

Sameiginlegur fundur stjórna Málm- og skipasmíðasambands Íslands og Sambands málm- og skipasmiðja, þ.e launþega og vinnuveitendasamtaka í málm og skipasmíðaiðnaði, haldinn 29. jan. 1973 gerði eftirfarandi samþykkt vegna eldgossins í Vestmannaeyjum:

Samböndin beina þeim tilmælum til allra starfsmanna í málm- og skipasmíðaiðngreinum, þ.e. verkafólks, skrifstofufólks, verkstjóra og annarra stjórnenda fyrirtækja, að þessir aðilar leggi fram í fjársöfnun til stuðnings Vestmannaeyingum upphæð sem svarar til launa fyrir eitt dagsverk.

Óskað er að fyrirtækin afhendi þetta fé að viðbættri fjárhæð sem svarar til leyfðar álagningar fyrirtækjanna.

Stjórnin framangreindra samtaka óska þess, að þeir sem þannig vilja leggja sitt af mörkum tilkynni það sem fyrst skrifstofu viðkomandi fyrirtækis.

**Stjórn Málm- og skipasmíðasambands Íslands:**
Snorri Jónsson, Guðjón Jónsson, Sigurgestur Guðjónsson, Kristján Ottosson, Sigurður Brynjólfsson, Helgi Arnlaugsson, Ásvaldur Andrésson.

**Stjórn Sambands málm- og skipasmiðja.**
Þórður Gröndal, Sveinn A. Sæmundsson, Steinar Steinsson, Geir Þorsteinsson, Jón Sveinsson.

# Póstkorta-útgáfa til fyrir Vestmannaeyjasöfnunina

## Að útgáfunni standa kvenfél. Heimaey, skátahópurinn Útlagar og Sólarfilma sf.

Með samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja hyggst kvenfélagið Heimaey hefja útgáfu á allmörgum lit-póstkortum frá náttúruhamförunum í Eyjum. Þeim til aðstoðar verður Sólarfilma sf. svo og hópur gamalla skáta frá Vestmannaeyjum, sem nefna sig Útlaga.

Tilgangur þessarar útgáfu er að afla fjár til hjálparstarfsins. Þeir, sem að þessum málum standa, munu vinna endurgjaldslaust, svo að allur ágóði geti runnið til Vestmannaeyinga.

Allir aðilar, sem eiga myndir og vilja leggja þessu máli lið með því að láta þær í té, eru góðfúslega beðnir að snúa sér til Sólarfilmu, Bragagötu 27 í Reykjavík. — Sími: 12277 — sem allra fyrst, en þar verður myndunum veitt viðtaka og greitt fyrir þær eftir samkomulagi.

Ráðgert er að selja kortin um allt land og erlendis líka. Því er treyst, að margir verði til að útvega myndir, og vonir standa til, að töluvert fé megi hafa upp úr þessari útgáfu. Samtökin, sem að þessu standa, vænta þess að fljótt verði brugðið við, því að nokkurn tíma tekur að vinna myndirnar og koma þeim á framfæri.

Heitið er á alla góða menn og konur að leggja málinu lið.

# Tilkynnið breytingu á dvalarstað

Vestmannaeyingar, sem hafa ekki tilkynnt núverandi dvalarstað sinn til skrifstofunnar í Hafnarbúðum, eru beðnir að gera það strax og því verður við komið. Þetta á jafnt við þá, sem dveljast í Reykjavík og nágrenni, sem við þá, sem dveljast annars staðar á landinu.

**Þeir, sem hafa skipt um dvalarstað síðan þeir fyrst komu frá Vestmannaeyjum eftir að gosið hófst, eru sérstaklega beðnir að tilkynna nú þegar, hvar þeir dveljast,** nema það hafi þegar verið gert.

Auk götu og húsnúmers, eða húsheitis, þarf að tilkynna fæðingardag og ár, og enn fremur nafn og símanúmer þess húsráðanda, sem dvalizt er hjá.

Þeir, sem ekki koma sjálfir í skrifstofuna í Hafnarbúðum og tilkynna dvalarstað sinn — eða láta aðra gera það — eru beðnir um að síma umbeðnar upplýsingar eða póstsenda þær.

Það skiptir miklu máli, að Vestmannaeyingar tilkynni áfram skrifstofunni í Hafnarbúðum jafnóðum allar breytingar, sem verða á dvalarstað þeirra.

# Svanur efnir til tónleika til styrktar Vestmannaeyingum

Lúðrasveitin Svanur heldur tónleika næstkomandi laugardag 3. febrúar klukkan 15, klukkan 3 e.h.

Allur ágóði af tónleikunum rennur til Rauða kross Íslands og verður varið til hjálparstarfs vegna eldgossins í Vestmannaeyjum.

Stjórnandi er Jón Sigurðsson og einleikari á klarínettu er Björn Leifsson.

Sérstakur gestur lúðrasveitarinnar verður Ellert Karlsson, stjórnandi Lúðrasveitar Vestmannaeyja, og mun hann stjórna útsetningu sinni á lagasyrpu eftir Árna Thorsteinsson.

Flutt verður tónlist við allra hæfi.

Aðgöngumiðar kosta aðeins 100 krónur og fást hjá Svansmönnum og við innganginn.

BORDEN

# Foreldrar Vestmannaeyjum

Í dag hefst í Neskirkju barnastarf fyrir börn frá Vestmannaeyjum á vegum Hjálparstofnunar kirkjunnar. Starfinu verður háttað, sem hér segir:
Miðvikudagur 31. janúar kl. 13: 4-6 ára börn
Fimmtudagur 1. febrúar kl. 10: 2-6 ára og kl. 13: 4-6 ára
Alla aðra daga, nema laugardaga og sunnudaga mun þessu háttað á sama hátt og á fimmtudeginum þ.e. fyrir börn á aldrinum 2-6 ára frá kl. 10-12, og fyrir 4-6 ára frá kl. 13-16. Þó eru ofangreindar tímasetningar aðeins til bráðabirgða, meðan séð verður hversu mikil þörfin er. Afstöðuteikning af Neskirkju og nánasta umhverfi, til glöggvunar þeim, sem vilja notfæra sér þessa þjónustu, er með frétt í blaðinu.

HJÁLPARSTOFNUN KIRKJUNNAR
Biskupsstofu — Reykjavík

# Norðfirðingafélagið

**Þorrablót** 1973 verður haldið í Veitingahúsinu Útgarði í Glæsibæ föstudaginn 2. febrúar kl. 20.
Aðgöngumiðar seldir í Útgarði fimmtudaginn 1. febrúar kl. 17-19.

**Norðfirðingar fjölmennið.**
Stjórnin.

# Orðsending til Vestmannaeyinga frá Happdrætti DAS og SÍBS

Afgreiðsla Vestmannaeyja-umboða DAS og SÍBS verður í Aðalumboði DAS Vesturveri frá 2-6 daglega.

Vestmannaeyingar eru beðnir að hafa samband við umboðin á tilgreindum tíma eða í síma 17757.

**Fanný Guðjónsdóttir.**
**Ásta Ólafsdóttir.**
**heimasími 23162.**




# Snjókeðjur

*til sölu á flestar stærðir hjólbarða*
**Gerum við gamlar snjókeðjur**
*Setjum keðjur undir bíla*
**FLJÓT OG GÓÐ AFGREIÐSLA**
**GÚMMIVINNUSTOFAN HF.**
SKIPHOLTI 35 REYKJAVÍK SÍMI 31055

# Múrarafélagið gaf 250.000 kr.

Erl-Reykjavík

Á félagsfundi í Múrarafélagi Reykjavíkur, sem haldinn var mánudaginn 29. jan. sl. vottuðu fundarmenn Vestmannaeyingum samúð sína vegna þeirra válegu atburða, sem þar eru að gerast.

Jafnframt samþykkti fundurinn að leggja fram 250.000 krónur þeim til handa, og voru þær afhentar Rauða krossi Íslands til ráðstöfununar í þágu Eyjamanna.

Múrarafélögin í Reykjavík eiga orlofsheimili í Öndverðarnesi í Grímsnesi, sem þau hafa nú lánað Vestmannaeyingum í húsnæðishraki þeirra. Munu þrjár fjölskyldur vera að koma sér fyrir þar, eða búnar að því.

## Laos

Framhald af bls. 16.

enn í gær og Bandaríkjamenn taka mikinn og virkan þátt í því. Í sunnudag og mánudag fóru bandarískar flugvélar, m.a. stórar b-52 sprengjuflugvélar, árásarferðir í Laos og bandarískar herdeildir þjálfaðar af bandarísku leyniþjónustunni CIA börðust við hlið stjórnarhermanna gegn hermönnum Pathet Lao, sem njóta ráðgjafar og hergagnaaðstoðar frá Norður Víetnam.

Samkvæmt vopnahléssamningunum, sem undirritaðir voru í París um helgina á allt erlent herlið að fara burt úr Laos og Kambódíu, en ekki er tekið fram hvenær það skuli gert. Haft er á orði að á hinum leynilegu samningafundum í París hafi náðst samkomulag um að þar skyldi komið á vopnahléi hálfum mánuði síðar en í Víetnam. Hernaðarsérfræðingar eru þó ekki vissir um að það takist.

Talsmaður Varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna sagði, að árásirnar í Laos og Kambódíu á sunnudag og mánudag hefðu verið gerðar að beiðni ríkisstjórna landanna.

Á mánudag birtust fyrstu fréttir í Bandaríkjunum um áframhaldandi sprengjuhernað Bandaríkjamanna í Laos eftir vopnahléð um helgina. Ekki var gefin nein skýring á, hvernig þessar hernaðaraðgerðir koma saman og heim við vopnahléssamningana, sem eru óljósir í þeim atriðum, sem snerta Laos og Kambódíu.

Ziegler blaðafulltrúi Nixons forseta lét þess hins vegar getið á mánudag, að Bandaríkjamenn héldu vopnahléssamningana í öllum atriðum og ætluðust til slíks hins sama af hinum aðilunum.

Fréttirnar af áframhaldandi bardögum í Laos hafa vakið vissa óró á bandaríska þinginu. Formaður þingflokks demokrata bað á mánudag utanríkisráðuneytið um skýringu á þeim.

Á Bandaríkjaþingi er einnig í undirbúningi löggjöf, sem koma á í veg fyrir að forseti landsins geti nokkru sinni komið landinu í aðstöðu eins og þá, sem Bandaríkjamenn lentu í í Víetnam. Frumvarp þess efnis, að forsetinn verði að fá samþykki þingsins til að láta bandarískar herdeildir berjast erlendis 30 dögum eftir að þær hafa byrjað hernaðaraðgerðir, nýtur talsverðs fylgis.

## Jeppinn

Framhald af bls. 1.

eyrarheiðar urðu þeir þó að skilja jeppann eftir vegna snjóþyngla, og höfðu þeir þá hvað eftir annað ekið honum utan í og skemmt hann til muna. Lögðu þeir gangandi á heiðina og komust við illan leik og báglega til reika í skýli, sem á henni er. Þar lögðust þeir til svefns og sofnuðu út frá logandi gastæki.

Það mun hafa orðið þeim til lífs, að lögreglumaður af Ísafirði veitti þeim eftirför ásamt þrem Dýrfirðingum, og fundu þeir, þá, áður en um seinan var. Voru þeir síðan fluttir til Ísafjarðar eftir harla ófrægilegt ferðalag. Þykir einsýnt, að það hafi orðið þeim til lífs, hve skótt var brugðið við að leita þeirra. -JH.

## Síðustu dagar

Framhald af 8. síðu.

burði falangista í þessu máli, sem þeir eru sjálfir aðilar að.

Falangistinn José Valdés, forseti Gobierno Civil, hefði getað komið í veg fyrir aftökuna,ef hann hefði viljað. Nú var Lorca skotinn fyrir utan Viznar og allar aftökur, sem þar voru gerðar,voru gerðar að skipan Valdés.

### Villandi upplýsingar.

Það hafa orðið miklar deilur um það, hvort taka ætti Lorca af lífi eða ekki. Honum var haldið föngnum í marga sólarhringa, en venjan var sú, að aðeins örfáar stundir liðu milli handtöku og aftöku. Hinn þjóðernissinnaði hershöfðingi Queipo de Llano í Sevilla var einn þeirra, sem sáu fyrir, hve ægileg mistök morðið á Lorca var fyrir málstað og áróður fasistísku aflanna,og hann lét útvarpa þeirri frétt þann 20. ágúst, að „þeir rauðu" hefðu myrt spænska nóbelsverðlaunahafann frá 1922, leikritaskáldið Jacinto Benavente. Þessari frétt var ætlað að vera mótvægi við fréttina um aftöku Garcia Lorca.

Benavente (sem lifði til 1954) þótti fréttin um fráfall sitt að vonum nokkuð ýkt og hann fordæmdi harðlega morðið á Garcia Lorca. „Til að deyða raunverulegt skáld", sagði hann, „þarf að deyða það tvisvar. Fyrst hinum líkamlega dauða og síðan með gleymskunni, sem er hinn eini raunverulegi dauði". En þetta sáu þeir, sem réðu Federico GarciaLorca af dögum, ekki fyrir.

(Þýtt og endursagt J.G.K.)

## Víðivangur

Framhald af bls. 3.

**fyrir hvaða verkefnum þarf að sinna vegna vandans. En nefna má þó nokkur augljós atriði. Í fyrsta lagi er það t.d. ljóst, að það þarf að greiða margvíslegan kostnað vegna björgunarstarfs, flutninga og röskunar á högum manna vegna náttúruhamfaranna. Verður væntanlega þörf mikilla útgjalda í þessu skyni á meðan neyðarástandið í Vestmannaeyjum helzt. Það er enn fremur ljóst, að veita verður Vestmanneyingum bætur vegna tekjumissis, sem fjölmargir þeirra hafa orðið fyrir og verða fyrir vegna þess að þeir hafa ekki lengur og geta ekki lengur stundað störf sín, svo og vegna sérstakra útgjalda sem á þá hafa hlaðizt vegna afleiðinga eldgossins. Þá er bersýnilega nauðsynlegt að veita verulega fjárhagsaðstoð til að leysa félagsleg vandamál þeirra Vestmanneyinga, sem hafa orðið að flytja brott vegna eldgossins. Hér ber auðvitað húsnæðisvandamálin hæst, en skólamálin og umönnun sjúkra og vanmegnugra eru einnig ærin verkefni. Ætla má, að nauðsynlegt verði að veita styrki til þess að útgerðarfyrirtæki og aðrir, sem verða um sinn að stunda atvinnu sína og rekstur utan Vestmannaeyja fái til þess sem bezta aðstöðu. Einnig getur orðið þörf fjárhagsaðstoðar til flutnings á fiski, svo að fiskveiðifloti Vestmannaeyja geti nýtzt sem bezt á vertíðinni.**

**Í fimmta lagi má nefna það, að á Vestmanneyingum hvíla að sjálfsögðu miklar skuldbindingar um greiðslur afborganna og vaxta af lánum til fjárfestingalánasjóða og annarra stofnana, og er mikilvægt, að hlaupið sé undir bagga í því efni, á meðan neyðarástandið hefst, svo að ráðstöfunarfé lánastofnana dragist ekki saman af þessum sökum. Auðvitað verður að veita Vestmannaeyjakaupstað allan nauðsynlegan fjárhagsstuðning á meðan á neyðarástandi stendur, en tekjustofnar hans munu flestir að engu verða. Hins vegar þarf hann og aðrir opinberir aðilar að taka á sig margvíslegan kostnað til þess að vernda mannvirki og eignir í Vestmannaeyjum og halda þar uppi nauðsynlegri þjónustu. Sama máli gegnir líka um aðra opinbera aðila, ríkissjóð, Tryggingastofnun ríkisins, Almannavarnir o.s.frv. Allir munu þessir aðilar þurfa að taka á sig mikil útgjöld vegna neyarástandsins í Vestmannaeyjum og aðgerða í þágu Vestmannaeyinga."**

**—TK**

## Aðstoð

Framhald af bls. 16.

gærmorgun beðið varnarmálanefnd að taka málið upp á fundi með yfirmönnum varnarliðsins.

Tíminn náði tali af Páli Ásgeiri Tryggvasyni, formanni varnarmáladeildar, að loknum fundi um þetta mál með yfirmönnum varnarliðsins, sem haldinn var í gær. Sagði Páll, að varnarmálanefnd hefði skipað sérstaka undirnefnd í þetta mál og ættu sæti í henni Hannes Guðmundsson, fulltrúi í varnarmáladeild, Jóhann Einvarðsson, bæjarstjóri í Keflavík, Jón Ásgeirsson, sveitarstjóri í Njarðvíkum, og yfirmenn varnarliðsins. Þessi nefnd mun kanna málið og gera tillögur til varnarmálanefndar.

Þá sagði Páll, að ákveðið hefði verið á fundinum að taka fyrir allar vegabréfsáritanir til fjölskyldna varnarliðsmanna, en það þýddi að varnarliðsmenn færu ekki inn í þær íbúðir, sem varnarliðsmenn og fjölskyldur þeirra rýmdu, þegar dvalartíma þeirra væri lokið hér á landi.

Undirnefndin hóf störf þegar síðdegis í gær að loknum fundi varnarmálanefndar.


*SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS*

**Fyrstu tónleikar síðara misseris verða í Háskólabíói 8. febrúar. Stjórnandi Miklos Erdélyi, einleikari Robert Aitken.**

Flutt verður Sinfónía nr. 5 eftir Schubert, flautukonsert eftir Atla Heimi Sveinsson (frumflutningur) og Sinfónía nr. 2 eftir Brahms.

Endurnýjun áskriftarskírteina óskast tilkynnt nú þegar. Sala fer fram á skrifstofunni á Laugaveg 3, III hæð, sími 22260.



HÁSKÓLABÍÓ Í KVÖLD...

**STÓRSKEMMTUN Í KVÖLD KL. 9**

**TIL STYRKTAR VESTMANNAEYINGUM**

**Skemmtikraftar kvöldsins:**

1. Lítið eitt
2. Þorvaldur Halldórsson
3. Jörundur og Jón Gunnlaugs.
4. Kristín Lilliendahl
5. Ríó tríó
6. Náttúra
7. Guðrún Á. Símonar
8. Guðbergur Auðunsson
9. Maria Llerena
10. Gísli og Júlíus
11. Ómar Ragnarsson
12. Haukur Snorrason
13. Jónas og Einar

**Gestir kvöldsins:**

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn og frú.

Borgarstjóri, hr. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Biskup Íslands, hr. Sigurbjörn Einarsson.

Will Perry, almannavarnasérfræðingur Sameinuðu þjóðanna

**MIÐASALA:**

**Bókaverzlun Lárusar Blöndal, Bókaverzlun Ísafoldar, Pennanum í Hafnarstræti og við innganginn**

**ÖLL VINNA GEFIN**

Tíminn

Miðvikudagur 31. janúar 1973

Auglýsingasímar Tímans eru 1-95-23 & 18-300

GOÐI fyrir góðan mat
KJÖTIÐNAÐARSTÖÐ SAMBANDSINS

Tíminn er 40 síður alla laugardaga og sunnudaga. —
Áskriftarsíminn er 1-23-23





Suðurvíetnömsk börn virða fyrir sér lík eins landa síns, sem lét lífið er heimili hans skemmdist í eldflaugaárás í nágrenni Tan Son Nhut flugvallar rétt áður en vopnahléð gekk í gildi. Og enn er barizt í landinu hvað sem öllum samningum líður.

# Enn barizt í Suður-Víetnam þrátt fyrir vopnahlé

### Friðargæzlusveitin fær hvergi að gert

NTB-Saigon
Í gær geisuðu harðir bardagar á mörgum stöðum í Suður Víetnam. Að sögn talsmanns suðurvíetnömsku herstjórnarinnar hafði þó dregið úr átökunum frá því á mánudag. Alþjóðlega friðargæzlunefndin sat í Saigon og gat hvergi að gert þótt vopnahléssamningarnir væru brotnir hvað eftir annað.

400 friðargæzluhermenn frá Kanada, Ungverjalandi Indónesíu og Póllandi eru komnir til Saigon. Ekki hefur enn tekizt að koma upp eftirlitsstöðvum úti á landi í Suður-Víetnam.

Færri árásir skæruliða í Suður Víetnam þurfa ekki nauðsynlega að vera tákn um að þeir séu að láta undan síga. Vera kann að skæruliðar einbeiti sér nú að því að halda því sem áunnizt hefur frá því að vopnahléð gekk í gildi.

Liðsforingjar frá Norður-Víetnam og fulltrúar Þjóðfrelsishreyfingarinnar fengu í gærmorgun leyfi til að yfirgefa flugvél, sem flutti þá til Saigon, án þess að undirrita landgönguskjöl. Þeir halda því fram að slík undirskrift sé sama og að viðurkenna stjórn Thieus í Suður Víetnam. Utanríkisráðuneyti Suður Víetnam veitti þær upplýsingar að þeir fulltrúar, sem þegar væru komnir fengju að vera í Saigon, en fleiri yrði ekki leyft að stíga á land án þess að undirrita landgönguskjölin.

# Hún tryggði hús sitt gegn hættu af gosi

### — og borgaði iðgjaldið fáum dögum áður en ósköpin dundu yfir

KJ-Reykjavík
— Jú það er alveg rétt, að við vorum með jarðskjálftatryggingu, sem líka gilti ef eldgos yrði eða aðrar náttúruhamfarir, sagði Unnur Ketilsdóttir, sem bjó á Búastaðabraut 12 í Vestmannaeyjum ásamt eiginmanni sínum Bjarna Herjólfssyni flugumferðarstjóra og dóttur þeirra.



Unnur Ketilsdóttir

— Það voru margir í Eyjum, sem tóku svona tryggingar eftir að Surtseyjargosið hófst, sagði Unnur, og t.d. tókum við okkar tryggingu 20. nóvember, eða viku eftir að gosið hófst í Surtsey. Brunabótafélagið seldi þessar tryggingar, og ég helda að flestir hafi hætt við þær eftir eitt til tvö ár, en mér fannst ekkert vit í því að hætta, og hef alltaf gætt þess að endurnýja á hverju ári.

— Hvenær endurnýjaðirðu síðast?

— Tilkynningin um iðgjaldið hefur venjulega komið um áramót, og svo var einnig að þessu sinni, en þó kom það nú í seinna lagi. Ég var búin að fara niður á skrifstofu Brunabótafélagsins einu sinni eða tvisvar og ætlaði að borga, en þá var lokað, en föstudaginn áður en gosið hófst fór ég niður á skrifstofuna um morguninn, og borgaði iðgjaldið. Allar þessar fréttir um jarðskjálftana í Managuar ýttu á eftir að ég borgaði af tryggingunni.

Ég man eftir því, að umboðsmaðurinn spurði mig, hvort ég ætlaði ekki að hætta við trygginguna, en ég sagðist sko ekki ætla að hætta, þrátt fyrir að þetta er dálítið dýr trygging, eða um fjögur þúsund krónur á ári, eða sem svarar 1.2% af fasteignamati.

Þeir hjá Brunabótafélaginu sögðu mér, að erfitt væri að endurtryggja slíkar tryggingar erlendis.

Þess má geta að hin jarðskjálftatryggingin sem í gildi var í Eyjum, náði einnig yfir hús við Búastaðabraut.

— Hvar voruð þið, þegar eldgosið brauzt út Unnur?

— Við vorum heima, og ekki farin að sofa.

Dóttir okkar hafði ekki getað sofnað, vegna þess að það voru stöðugir jarðskjálftakippir, og ég var að hringja á loftskeyta-stöðina og segja frá þessum stöðugu kippum, þegar Bjarni kom og sagði mér, að það væri eldgos þarna rétt austan við okkur. Við komumst með Gjafari til lands, og nú erum við búin að fá margt af eigum okkar hingað til Reykjavíkur, þar sem ég bý hjá systur minni.

# Öll boðin aðstoð hefur verið þökkuð og þegin

### *Sendiráð Bandaríkjanna staðfesti, að fullyrðingar um annað hafi ekki við nein rök að styðjast*

TK-Reykjavík
Tíminn átti í gær viðtal við Martin 1. sendifulltrúa bandaríska sendiráðsins, en hann gegnir nú störfum ambassadors Bandaríkjanna á Íslandi í farveru Mr. Irvings.

Aðspurður sagðist Martin vilja staðfest það, að forsætisráðherra hefði tekið mjög vel boði Bandaríkjastjórnar um 25 þúsund dollara skyndihjálp vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum. Hefði forsætisráðherra þakkað þessa aðstoð og þá samúð, sem hann taldi að á bak við stæði. Hins vegar hefði forsætisráðherra talið eðlilegra að Bandaríkjastjórn léti þessa skyndihjálp renna til Rauða krossins, þar sem þörfin yrði þar mest fyrst í stað. Hefði verið farið að þeim ráðum og fjárhæðin afhent Rauða krossinum. Martin kvaðst síðan hafa sagt að hann væri þess fullviss, að Bandaríkjastjórn væri reiðubúin til viðræðna um frekari aðstoð. Forsætisráðherra hefði þakkað það boð og sagði, að ríkisstjórnin myndi þá taka málið upp, þegar afleiðingar eldgossins og þeir erfiðleikar, sem verst yrði við að fást tækju að skýrast nánar.

Í tilefni samþykktar bæjarstjórnar Keflavíkur sagði Martin, að í þessum erfiðleikum íslenzku þjóðarinnar væri fullkomlega eðlilegt að reynt yrði að finna allt það húsnæði, sem hugsanlega mætti rýma eða nýta handa Vestmannaeyingum, og varnarliðið og Bandaríkjastjórn vildi vissulega reyna að stuðla að því að þetta vandamál leystist. En hér væri við erfiðleika að etja og torvelt að rýma húsnæði það, sem fjölskyldur varnarliðsmanna hefðu til leigu utan Keflavíkurflugvallar í einni svipan. Þetta fólk hefur æði margt ekki að neinum föstum bústað að hverfa í Bandaríkjunum og lítið húsnæði væri aflögu á vellinum. Þetta mun því taka sinn tíma, en við erum fúsir að hefja viðræður um þetta mál við íslenzk stjórnvöld nú þegar og munum reyna af fremsta megni að stuðla að lausn þess, sagði Martin.

Blaðið sneri sér til Einars Ágústssonar, utanríkisráðherra, og sagði hann, að hann hefði í

Frh. á bls. 15

# Friður í Laos á næsta leiti?

### Samsteypustjórn með aðild Pathet Lao?

NTB-Vientiane
Á fundi með fulltrúum Pathet Lao-hreyfingarinnar í gær lagði ríkisstjórn Laos fram tillögur að friðarsamningum, þar sem gert er ráð fyrir, að allur útlendur her skuli fara úr landinu innan 90 daga. Ríkisstjórnin í Vientiane hefur ennfremur samþykkt að mynduð skuli samsteypustjórn, sem Pathet Lao eigi aðild að. Í uppkasti friðarsamninganna segir, að nýja stjórnin skuli hafa aðsetur í borginni Luang Prabang, sem verði hlutlaust svæði.

Fundurinn, sem stóð aðeins í klukkustund er talinn hafa verið árangursríkur. Líklegt er talið, að samningamenn Pathet Lao fallist á samningsuppkast stjórnarinnar. Pathet Lao-menn stungu upp á að hefja skyldi þegar leynilegar umræður um þau atriði, sem enn er ágreiningur um.

Stríðið í Laos hefur um árabil horfið svo til algerlega í skugga Víetnamstríðsins, að það hefur verið kallað „gleymda styrjöldin''. Engu að síður geisaði það

Frh. á bls. 15

HÚSGAGNAVINNUSTOFA
*Ingvars og Gylfa*
býður upp á — í nýju verzlunarhúsnæði — mikið úrval af hjónarúmum og einsmannsrúmum í flestum lengdum og breiddum.
Einnig mikið úrval af alls konar rúmteppum.
*Húsgagnavinnustofa Ingvars og Gylfa*
Grensásvegi 3 — Símar 33-5-30 og 36-5-30.

